

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2019
UST201902-289/A.B.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn vegna Lækjartúnslínu 2

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna lagningar Lækjartúnslínu.

Framkvæmdin

Í greinargerð kemur fram að Landsnet áformar að byggja 220 kV tengivirki undir Búrfellslínu 2 í landi Lækjartúns 2 í Ásahreppi, skammt austan Þjórsártúns. Einnig er áformað að Selfosslína 2 verði sett í jörð á um 16 km löngum kafla á milli Hellu og Lækjartúns 2. Strengurinn verður allt að 132 kV og mun kallast Lækjartúnslína 2.

Gróður

Í greinargerð kemur fram að landið er að mestu gróið en að hluta raskað næst Suðurlandsvegi og á 70-80% hluta leiðarinnar liggur strengleiðin um gras- og mólendi. Auk þess kemur fram í greinargerð að á lagnaleiðinni eru ekki vistgerðir sem njóta verndar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru m.a. á strengsleiðinni vistgerðirnar starungsmýravist og runnamýravist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og eru með mjög hátt verndargildi. Auk þess er á í þessum vistgerðum ríkulegt fuglalíf.

Umhverfisstofnun telur að til uppgræðslu eigi að nota staðargróður eins og kostur er t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telur slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um er að ræða vistir með verndargildi. Mikilvægt er að tryggja að vistgerðum sem njóti verndar verði ekki raskað að mati stofnunarinnar. Á öðrum svæðum þar sem finna má vistgerðir með lágt verndargildi telur Umhverfisstofnun að nota eigi lágvaxnar grastegundir sem svipa til staðargróðurs ef ekki

tekst að fræslægja. Umhverfisstofnun telur að vöktunaráætlun framkvæmdar ætti að tryggja fullnægjandi frágang svæðis að framkvæmdum loknum.

Jarðminjar

Í greinargerð kemur fram að í Hárlaugsstaðabrekku er grágrýtis- og sandsteinsklöpp sem strengurinn verður fleygaður í sem mun líklega hafa varanleg áhrif á jarðmyndanir. Í Hárlaugsstaðabrekku er þunn jarðvegshula ofan á hallandi klöpp sem auðveldar frágang að loknum framkvæmdum. Einnig kemur fram að strengurinn verður fleygaður í klapparhöft við árfarveg Rauðalækjar. Umhverfisstofnun telur líklegt að framkvæmdin hafi áhrif á jarðmyndanir á þessum stöðum, en stofnunarinnar að telur að áhrifin geta talist óveruleg með góðum frágangi.

Bakkagróður

Í greinargerð kemur fram að tveir lækir eru á fyrirhugaðri lagnaleið jarðstrengs, Steinslækur og Rauðilækur

Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að framkvæmdum verði hagað þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi lækjanna.

Vinnuslóði

Í greinargerð kemur fram að slóðagerð verður haldið í lágmarki en þar sem þess gerist þörf verður gerður vinnuslóði sem mun verða 3,5 m að breidd meðfram strengleið og slóðinn verður fjarlægður að framkvæmdum loknum og landið fært aftur í sem næst fyrra horf. Þar sem að 70-80 % leiðarinnar er gras- og mólendi tekur Umhverfisstofnun undir það að framkvæmdum loknum verði slóðinn fjarlægður og landið fært í fyrra horf. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að gróðurortofum verði teknar til hliðar eins og kostur er og þeim komið fyrir að framkvæmdum loknum og við uppgræðslu verða notaðar tegundir sem eru svipaðar og staðargróður.

Votlendi

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands er votlendi ein af algengustu vistgerðunum á lagnaleiðinni.

Umhverfisstofnun telur að milli stöðva nr. 5700 og nr. 6800 á strengsleiðinni sé votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir mikilvægi þess við gerð framkvæmdaleyfis að tryggt sé að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd

auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi til röskunar votlendis þrátt fyrir framangreint fer stofnunin fram á það, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Umhverfisstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar til að raska ekki votlendi og til hvaða mótvægisáðgerða verður farið í ef til röskunar kemur. Mótvægisáðgerðum í formi endurheimt votlendis ætti að vera lýst ítarlega í vöktunaráætlun framkvæmdar að mati Umhverfisstofnunar, þar sem tilgreint er m.a. samráð við sérfræðinga votlendisendurheimtar við ákvörðun á staðsetningu, aðferðum og umfangi þess.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega ef ákvarðað er að framkvæmdin er ekki matsskyld.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufríbærni sem verða fyrir röskun.


Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum, góðum frágangi á línuleið, fullnægjandi mótvægisáðgerðum og vöktunaráætlun, telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur